# AUGLÝSING

**er varðar stimplun skjala.** 

71
8. maí

Öll leyfi, er stjórnarráðið hefur veitt, skv. 13. gr. laga 75/1921, til stimplunar skjala, falla niður frá og með 1. október n. k. Umsóknir um endurnýjun á leyfum skulu sendar ráðuneytinu fyrir 1. september n. k.

*Fjármálaráðuneytið, 8. maí 1958.*

F. h. r.
**Sigtr. Klemenzson.**

*Kristján Thorlacius.*

# AUGLÝSING

**frá ríkisstjórninni um breytingar á gjöldum.**

72
30. maí

Gengin eru í gildi ný lög um útflutningssjóð o. fl., sem koma í stað laga nr. 86/1956. Hér á eftir er rakið það helzta, sem varðar breytingar á yfirfærslugjaldi (I), innflutningsgjaldi (II), verðtolli (III), söluskatti (IV), benzíngjaldi (V), útflutningssjóðsgjaldi af bifreiðum (VI), gjaldi af innlendum tollvörutegundum (VII) og gjaldi af ferðagjaldeyri (VIII).

## I.
## Yfirfærslugjald.
### A.

Í stað 16% yfirfærslugjalds samkv. lögum nr. 86/1956 skal nú innheimta eftirgreind gjöld af yfirfærslum til greiðslu á fob-verði allra innfluttra vara og koma vörurnar í neðangreinda tvo gjaldflokka.

Nú er vara með 30% yfirfærslugjaldi og skulu þá yfirfærslubankarnir allt að einu taka af henni 55% yfirfærslugjald, en endurgreiða skal mismuninn við tollgreiðslu.

### 1. flokkur.

Tollskrá: **Með 30% yfirfærslugjaldi.**

| Kafli. | Nr. | |
|---|---|---|
| 7 | 4 | Kartöflur. |
| | 6 | Þurrkaðar baunir, ertur og linsur og aðrir þurrkaðir belgávextir. |
| 9 | 1 | Kaffi, óbrennt. |
| | 2 | Kaffi, brennt eða brennt og malað. |
| | 3 | Te. |
| 10 | 2 | Rúgur. |
| | 3 | Rís með hýði eða á ytra hýðis. |
| 11 | 1 | Hveitimjöl. |
| | 2 | Rúgmjöl. |

72 Tollskrá:
30. maí

| Kafli. | Nr. | |
|---|---|---|
| | 3 | Rísmjöl. |
| | 5 | Haframjöl. |
| | 7 | Bókhveitimjöl og annað kornmjöl í þessu tollskrárnúmeri. |
| 11 | 8 | Hveitigrjón. |
| | 9 | Bygggrjón. |
| | 10 | Hafragrjón. |
| | 11 | Rísgrjón. |
| | 15 | Kartöflumjöl og maíssterkja. |
| | 20 | Sagógrjón, þar með tapíóka, einnig tilbúin. |
| 12 | 10 | Síkoríurætur, óbrenndar. |
| 15 | 10 | Kókosfeiti, hreinsuð og hert. |
| | 14 | Baðmullarfræsolía. |
| | 15 | Jarðhnetuolía. |
| | 17 | Soyuolía. |
| 17 | 1 | Strásykur. |
| | 2 | Molasykur. |
| 25 | 9 | Borðsalt. |
| 44 | 11 | Dagblaðapappír. |
| 48 | 5 | Baðmullartvinni. |
| | 7 | Baðmullargarn, ót. a. |
| | 8 | Molskinn úr baðmull. |
| | 16—18 | Baðmullarvefnaður, ót. a. |
| 51 | 19 | Prjónavoð úr baðmull. |
| | 20 | Baðmullarsokkar og leistar. |
| | 22 | Nærfatnaður úr baðmull. |
| 52 | 40 | Sáraumbúðir og dömubindi, einnig þótt þau séu úr öðru en vefnaði, o. þ. h. |
| 54 | 6—8 | Skófatnaður úr kátsjúk. |

### 2. flokkur.
### Með 55% yfirfærslugjaldi.

Allar aðrar innflutningsvörur en þær, sem taldar eru í 1. flokki hér á undan.
Nú er aðkeypt vara greidd samkvæmt leyfi Innflutningsskrifstofunnar með löglega fengnum gjaldeyri, sem hlutaðeigandi hefur þó ekki keypt í banka, og skal þá eigi innheimta yfirfærslugjald af fob-verði vörunnar. Annars skulu tollyfirvöld og póstafgreiðslur innheimta yfirfærslugjald af öllum vörum, sem yfirfærslubankarnir hafa ekki innheimt gjaldið af, og skal talið, að yfirfærslugjaldið sé ógreitt, nema afhentur sé vörureikningur, sem ótvírætt ber það með sér, að yfirfærslugjaldið sé greitt af vörum þeim, sem tilgreindar eru í vörureikningum, sem afhentur er til tollmeðferðar.

Yfirfærslugjald skal ekki greiða af:

1. Vörum, sem sjómenn og flugmenn flytja hingað og keyptar eru erlendis fyrir laun þeirra og greiðslur, sem þeir hafa þegar greitt yfirfærslugjald af, enda lýsi þeir yfir því í tollinnflutningsskýrslu, að vörurnar séu greiddar með slíkum gjaldeyri.
2. Gjöfum og öðrum sendingum, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað ókeypis.

3. Vörum, sem farþegar hafa hingað með sér í fari sínu og þeir hafa keypt erlendis fyrir gjaldeyri, sem þeir hafa greitt yfirfærslugjald af, enda lýsi þeir því yfir í tollinnflutningsskýrslu, að vörurnar séu greiddar með slíkum gjaldeyri. 72



Nú hefur 16% yfirfærslugjald verið greitt af vörum fyrir gildistöku hinna nýju laga um útflutningssjóð o. fl. og skal þá ekki innheimta viðbót, sem svarar til hækkunar á gjaldinu. Hins vegar skal hið nýja yfirfærslugjald talið með í gjaldstofni þeim, sem verðtollur, söluskattur og innflutningsgjald er tekið af, ef aðflutningsskjöl yfir vörurnar hafa verið afhent til tollmeðferðar eftir gildistöku hinna nýju laga eða ef aðflutningsgjöldd af vörum, sem komu til tollmeðferðar fyrir gildistöku hinna nýju laga hafa ekki verið greidd fyrir 6. júní 1958. Einnig skal hið nýja gjald við ákvörðun verðtolls, söluskatts og innflutningsgjalds talið í gjaldstofni þessara gjalda, þegar um er að ræða vörur, sem greiddar eru samkvæmt leyfi Innflutningsskrifstofunnar með löglega fengnum gjaldeyri, sem hlutaðeigandi hefur þó ekki keypt í banka.

B.

1.

Af yfirfærslum fyrir námskostnaði og sjúkrakostnaði skal innheimta 30% yfirfærslugjald.

2.

Af öllum öðrum yfirfærslum til útlanda skal innheimta 55% yfirfærslugjald.

Áhafnir skipa og flugvéla, sem eiga rétt á að fá hluta launa sinna eða ákveðnar fjárhæðir í erlendum gjaldeyri, skulu greiða 55% yfirfærslugjald af öllum gjaldeyri, sem þeim er afhentur.

Vinnulaun erlendra ríkisborgara hér á landi til 1. júní 1958 skulu vera undanþegin yfirfærslugjaldi. Umsóknir um yfirfærslu vinnulauna án yfirfærslugjalds skulu hafa borizt Innflutningsskrifstofunni fyrir lok júnímánaðar 1958. Eftir þann tíma skal ekki veita nein gjaldeyrisleyfi fyrir vinnulaunum án yfirfærslugjalds.

## II. Innflutningsgjald.

Í stað 88%, 77%, 60.5%, 38.5% 8.8% og 12.1% innflutningsgjalds samkv. lögum nr. 86/1956 skal nú aðeins greiða þrenns konar innflutingsgjald. Þessir þrír gjaldaflokkar eru tilgreindir hér á eftir.

Innflutningsgjaldið skal miða við tollverð vöru, sbr. 10. gr. tollskrárlaga nr. 90/1954, að viðbættu yfirfærslugjaldi, aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu. Hvorki söluskattur af innfluttum vörum né tollstöðva- og byggingarsjóðsgjald skulu þannig vera í gjaldstofni innflutningsgjalds.

Yfirfærslugjaldið, sem telja ber með tollverði vöru við ákvörðun innflutningsgjalda skal miða við verð eða verðmæti vara kominna um borð í farartæki, sem flytur þær til Íslands.

Heimildin í síðari málsgrein 2. liðs í B í 36. gr. laga nr. 33/1958 hefur verið notuð þannig, að ákveðið hefur verið, að hinn sérstaki innflutningslisti í 2. gr. reglugerðar nr. 15/1957 gildi áfram og lækkar þannig innflutningsgjaldið á þeim vörum, sem merktar eru með stjörnu (*) í listanum. Við neðangreinda flokkun til innflutningsgjalds hefur verið tekið tillit til lækkananna.

### 1. flokkur.

Af eftirgreindum vörum skal greiða 62% innflutningsgjald, sem með 10% áætlaðri álagningu verður 68.2%:

72
30. maí

Tollskrá:

| Kafli. | Nr. | |
|---|---|---|
| 6 | 8 | Blómlaukar. |
| 7 | 5 | Nýjar baunir, linsur, ertur og aðrir nýjir belgávextir, ót. a. |
| | 7 | Nýtt kál og annað nýtt grænmeti, ót. a. |
| | 8 | Þurrkað grænmeti, ót. a. |
| 8 | 1—36 | Ávextir, hnetur og hnetumjöl. |
| 9 | 4–16&17 | Krydd alls konar, annað en blandað síldarkrydd. |
| 16 | 2 | Kjötextrakt, fastur eða fljótandi. |
| 17 | 7 | Síróp, ót. a. |
| 19 | 3—4 | Búðingsduft og tilreitt mjöl og sterkja. |
| | 5 | Steiktur rís og aðrar tilreiddar korntegundir og rótarávextir. |
| | 6 | Makkarónur og aðrar deigvörur. |
| 21 | 3 | Soya. |
| | 4 | Tómatsósa og tómatpuré. |
| | 5 | Kryddsósur, súpuefni og súputeningar. |
| 72 | 22 & 24—26 | Skrifstofuvélar og hlutar til þeirra, þó ekki ritvélar og hlutar til þeirra. |
| 73 | 37—45 | Vélar og áhöld, einkum til heimilisnotkunar, og hlutar til þeirra. |
| | 55—58, 59—62 og 64 | Rafmagnslampar í sýningarglugga, á og yfir dyr, til myndatöku, innanhúss, ljósakrónur, þ. á m. ljóstæki á jólatré, vinnulampar, götuluktir, ljósaskilti, neonskilti, stundaklukkur og önnur innanhússljósatæki. |
| | 84 | Útvarpstæki. |
| 75 | 13—14 | Reiðhjól og reiðhjólahlutar. |
| 78 | 1, 2 og 4 | Úr og klukkur, þó ekki úra- og klukkuhlutar. |

## 2. flokkur.

Af vörum, sem taldar eru hér á eftir, skal greiða 40% innflutningsgjald, sem með 10% áætlaðri álagningu verður 44%.

Tollskrá:

| Kafli. | Nr. | |
|---|---|---|
| 4 | 9 | Hunang og hunangslíki. |
| 5 | 5 | Dúnn og fiður. |
| | 14 | Svampar (porifera). |
| 11 | 19 | Sterkja, ót. a. |
| 12 | 1 | Blómfræ. |
| 19 | 1 | Barnamjöl. |
| | 2 | Bökunarduft (lyftiduft). |
| | 8—10 | Kex og aðrar brauðvörur. |
| 20 | 1—3 | Kryddaðir ávextir, súkkat og aðrir sykraðir ávextir. |
| | 4 | Niðursoðnir ávextir. |
| | 5 | Aldinsulta og aldinhlaup (gelé). |
| | 6 | Aldinmauk (marmelade). |
| | 9 | Saft úr ávöxtum og jurtahlutum. |
| | 11—12 | Niðursoðið og kryddað grænmeti. |
| 21 | 6—8 | Pressuger, þurrger og annað ger. |
| 25 | 3 | Steinmluningur (terrazzó). |
| | 5 | Eldfastur leir og mörtel. |

| Kafli. | Nr. | |
|---|---|---|
| | 15 | Marmari, óunninn, í söguðum eða tilhöggnum stykkjum. |
| 28 | 51a | Frostlögur og bremsuvökvi. |
| 29 | 5 | Kvikmyndafilmur, óframkallaðar. |
| | 7 | Ljósmyndaplötur, óframkallaðar. |
| | 9 | Ljósprentunarpappír. |
| | 10 | Efnivörur til ljósmyndunar, sem með söluumbúðum vega ekki meira en 2 kg. |
| 30 | 22 | Ritvéla- og reiknivélabönd. |
| | 28 | Matarlitir alls konar, ót. a. |
| | 39 | Blek alls konar, fljótandi. |
| | 40 | Blekduft og blektöflur. |
| | 41 | Blýantar, nema skrúfblýantar, blý og krít í blýanta, skólakrít, klæðskerakrít, alls konar litkrít og pastelkrít. |
| 31 | 1–13&14 | Ilmolíur, kjarnar og ilmefni, einnig tilbúin. |
| | 15a | Hárliðunarvökvar og hráliðunarduft, ót. a. |
| | 17 | Andlitsfarði (smink) og andlitsduft. |
| | 18 | Ilmsmyrsl. |
| | 19 | Tannduft, tannpasta og munnskolvatn. |
| | 20 | Naglalakk. |
| | 21 | Varalitur, augnbrúnalitur og þvílíkir litir. |
| | 22 | Baðsalt. |
| | 23 | Ilmpappír. |
| 32 | 1—3 | Sápa og sápulíki, ót. a., þó ekki handsápa og raksápa. |
| | 5 | Þvottaduft og ræstiduft, ót. a. |
| | 7—12 | Skóáburður og annar leðuráburður, bón og húsgagnagljái, fægismyrsl og fægisápa, fægiduft, fægilögur og ofnsverta. |
| | 14 | Skíðaáburður. |
| | 15 | Kerti. |
| 34 | 7 | Eldspýtur. |
| 39A | 3 | Umbúðablöð úr plasti, ót. a.,<br>þó ekki, ef þau eru með áletrun, sem ber það með sér, að þau séu ætluð utan um íslenzkar afurðir. |
| | 4—6 | Plötur og þynnur, ót. a., rör, ót. a., og stengur úr plasti,<br>þó ekki:<br>4. a. Einlitar og ómunstraðar plötur og þynnur, enda sé viðtakandinn iðnfyrirtæki, þar sem úr þeim verða framleiddar nýjar söluvörur og því er lýst yfir í tollinnflutningsskýrslu, að þær verði einungis þannig notaðar þar.<br>b. Sléttar eða báraðar og gagnsæjar plötur og þynnur, til notkunar í stað glers.<br>5. a. Aðrar plötur og þynnur til framleiðslu á nýjum vörum með sama skilorði og í 4 a.<br>6. a. Plastflot til netjagerðar.<br>b. Vatnsleiðslupípur.<br>c. Þéttilistar til lokunar á þennsluraufar.<br>d. Rör og stengur til framleiðslu á nýjum vörum með sama skilorði og í 4 a. |
| | 7 | Plastdúkur. |
| | 8 | Fatnaður úr plasti, ót. a., þó ekki skófatnaður. |
| | 9 | Búsáhöld úr plasti. |
| | 10 | Þvottaskálar og önnur hreinlætis- og snyrtitæki úr plasti. |
| | 11 | Aðrar vörur úr plasti, ót. a., þó ekki flöskur, netjakúlur og glys- og skrautvörur. |
| 39B | 13 | Gólfmottur og setur úr kátsjúki. |

72 Tollskrá:
30. maí

| Kafli. | Nr. | |
|---|---|---|
| 40 | 20 | Jólatré og gervijólatré. |
| | 55 | Skíði og skíðastafir úr trjáviði, enn fremur skíðastafir úr öðrum efnum og skíðabindingar. |
| | 65 | Kastkringlur og spjót til íþróttaiðkana. |
| 42 | 3 | Gólfmottur og ábreiður alls konar úr strái, ót. a. |
| | 6 | Körfur úr fléttiefnum, aðrar en fiskkörfur og kolakörfur. |
| 46A | 5 | Flauel og flos (plyds) úr silki. |
| | 6 | Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar úr silki. |
| | 7 | Laufaborðar (blúndur), laufaborðaefni, knipplingar, tyll og önnur þess konar netofin efni úr silki. |
| | 8 | Leggingar, snúrur og þess konar dregilvörur (possement) úr silki. |
| | 9 | Hárnet úr silki. |
| | 10 | Bönd og borðar úr silki, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar. |
| 46B | 6 | Flauel og flos úr gervisilki, nylon eða öðrum gerviþráðum. |
| | 7 | Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar úr gerviþráðum. |
| | 8 | Laufaborðar, laufaborðaefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar efni úr gervisilki, nylon eða öðrum gerviþráðum. |
| | 9 | Leggingar, snúrur og aðrar þess háttar dregilvörur úr gervisilki, nylon eða öðrum gerviþráðum. |
| | 10 | Hárnet úr gervisilki, nylon eða öðrum gerviþráðum. |
| | 11 | Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar, úr gervisilki, nylon eða öðrum gerviþráðum. |
| | 12 | Vefnaður, ót. a., úr gervisilki, nylon eða öðrum gerviþráðum, þó ekki korsettbrókade, korsettsatin og annar lífstykkjavefnaður, svo og fóðurefni ofin úr gerviþráðum. |
| 46C | 1 | Þráður úr alls konar spunaefnum, vafinn eða tvinnaður með málmþræði. |
| | 2 | Snúrur og leggingar á einkennisbúninga, o. þ. h. |
| | 3 | Bönd, dregilvörur, laufaborðar, knipplingar og tyll úr málmþræði. |
| | 4 | Annar vefnaður og vörur úr málmþræði. |
| 47 | 6 | Flauel og flos úr ull eða öðru dýrahári. |
| | 7—9 | Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar úr ull og öðru dýrahári. |
| 48 | 9—11 | Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar úr baðmull. |
| 49 | 12—15 | Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar úr hör, hampi, kókostægjum og öðrum spunaefnum 49. kafla tollskrár. |
| 50 | 20 | Tennisnet og önnur þess konar net, svo og burðarnet. |
| | 34&34a | Vefnaðarvara úr silki, gervisilki eða öðrum gerviþráðum, lökkuð, ferniseruð o. s. frv. |
| 51 | 1 | Prjónavoð úr silki. |
| | 2 | Sokkar og leistar úr silki. |
| | 4 | Nærfatnaður, prjónaður úr silki. |
| | 5 | Vettlingar og hanzkar, prjónaðir úr silki. |
| | 6 | Aðrar prjónavörur úr silki. |
| | 7 | Prjónavoð úr gerviþráðum. |
| | 8 | Sokkar og leistar úr gerviþráðum. |
| | 10 | Nærfatnaður, prjónaður úr gerviþráðum. |
| | 11 | Vettlingar og hanzkar, prjónaðir úr gerviþráðum. |
| | 12 | Aðrar prjónavörur úr gerviþráðum. |

Tollskrá:

| Kafli. | Nr. | |
|---|---|---|
| 52 | 1 | Regnkápur úr yfirdregnum silki- og gervisilkivefnaði. |
| | 5 | Ytri fatnaður úr silki fyrir telpur og konur, þó ekki jakkar og úlpur. |
| | 6 | Nærfatnaður úr gerviefnum. |
| | 7 | Ytri fatnaður úr gerviefnum fyrir telpur og konur, þó ekki jakkar og úlpur. |
| | 9 | Ytri fatnaður úr ull eða öðru dýrahári fyrir telpur og konur, þó ekki jakkar og úlpur. |
| | 11 | Ytri fatnaður úr baðmull fyrir telpur og konur, þó ekki jakkar eða úlpur. |
| | 13 | Ytri fatnaður úr hör eða öðrum jurtaspunaefnum en baðmull eða gerviefnum úr jurtaríkinu, fyrir telpur og konur, þó ekki jakkar og úlpur. |
| 55 | 1—9 | Hattar og húfur. |
| 56 | 1—3 | Regnhlífar, sólhlífar og göngustafir. |
| | 4 | Handföng á göngustafi, regnhlífar og sólhlífar. |
| | 5 | Regnhlífa- og sólhlífagrindur og teinar. |
| 57 | 1—2 | Unnar fjaðrir, fuglshamir, fuglahausar, vængir og aðrir fjaðurklæddir fuglahlutar til skrauts á hatta o. fl. |
| | 3 | Tilbúin blóm, blómahlutar, ávextir og annað þ. h. |
| 61 | 6—7 | Silfur í stöngum, plötum eða vír. |
| | 9—10 | Platínumálmar í stöngum, plötum eða vír. |
| 63 | 33 | Snjókeðjur á bifreiðar. |
| | 41 | Skrúfur, fleinar, boltar, skrúfboltar og rær úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum. |
| | 45 | Alls konar lamir, skrár, hespur, gluggakrókar, gluggahorn og því-líkar vörur úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum. |
| | 46 | Lásar og lyklar úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum. |
| | 38—39a | Kengir, kassakrækjur, plukkur og reimlásar. |
| | 48 | Hilluberar, fatasnagar og fatakrókar úr járni, stáli eða öðrum járn-legeringum. |
| | 50 | Lyklaborð, hurðaskilti, handklæðahengi, númeraskilti á hús eða til-sniðnar plötur í þau, svo og skilti á póstkassaop o. þ. h. úr járni, stáli eða járnlegeringum. |
| | 51 | Handföng á hurðir, kistur, skúffur o. þ .h. úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum. |
| | 52 | Olíukyndingartæki, þó ekki varahlutir. |
| | 60 | Eldtraustir skápar, kistur og hólf, svo og hurðir eða lok á slíka hluti. |
| | 63 og 66 | Skjalaskápar, ósamsettir og samsettir, og aðrar slíkar samsettar og ósamsettar skjalahirzlur úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum. |
| | 99 | Blöndunarhanar til baðkera, vaska o. þ. h. úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum. |
| | 101 | Vatnshanar úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum. |
| | 104 | Kastkúlur til útiíþróttaiðkana, skíðabindingar og skíðastafir úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum. |
| 64 | 9—11 | Saumur úr kopar eða koparlegeringum. |
| | 12 | Skrúfur, fleinar, boltar, skrúfboltar og rær úr kopar eða koparleger-ingum. |
| | 14 | Lásar og lyklar úr kopar eða koparlegeringum, ót. a. |

72 Tollskrá:
30. maí

| Kafli. | Nr. | |
|---|---|---|
| | 15 | Hurðaskilti, lyklaborð, handklæðahengi, skilti á póst- og bréfkassaop og þvílík skilti eða spjöld úr kopar eða koparlegeringum. |
| | 16 | Alls konar lamir, skrár, hespur, gluggkrókar, gluggahorn og þvílíkar vörur úr kopar eða koparlegeringum. |
| | 17 | Handföng á hurðir, kistur, skrúfur o. þ. h. úr kopar eða koparlegeringum. |
| | 18 | Blöndunarhanar til baðkera o. þ. h. úr kopar eða koparlegeringum. |
| | 20 | Vatnshanar úr kopar eða koparlegeringum, þó ekki brunahanar. |
| 65 | 4 | Naglar og stifti, svo og skrúfur, fleinar, boltar, skrúfboltar, rær, o. þ. h. úr nikkel eða nikkelblöndum. |
| 66 | 7 | Naglar og stifti, svo og skrúfur, fleinar, boltar, skrúfboltar og rær o. þ. h. úr alúmíníum eða alúmíníumlegeringum. |
| 68 | 5 | Naglar og stifti, svo og skrúfur, fleinar, boltar, skrúfboltar og rær úr zinki eða zinklegeringum. |
| 71 | 3—5 | Vasahnífar, skeiðahnífar og pappírshnífar. |
| | 8 | Rakhnífar, rakvélar, rakvélablöð og slípivélar. |
| 71 | 9—10 | Skæri og snyrtitæki, ót. a. |
| | 15 | Smávarningur til húsgagnagerðar (Möbelbeslag), ót. a. |
| | 16 | Nautahringir, lyklahringir, dyra- og gluggatjaldahringir og aðrir þess konar hringir. |
| | 17 | Hringjur, spennur óskreyttar, smellur, krókapör, skókóssar og annar þess konar smávarningur til sauma, lífstykkjagerðar, pappírsvöruiðnaðar, skósmíða og söðlasmíða o. þ. h., ót. a. |
| | 18 | Hárnálar, hárklemmur, hárspennur óskreyttar, lásnælur, fingurbjargir, skóhorn og skóhnepparar. |
| | 19 | Alls konar veski og hylki, svo sem vindla- og vindlingaveski og kassar, tóbaksdósir og -baukar, nálhús, gleraugnahús, öskubakkar o. þ. h. |
| | 20 | Bréfaklemmur, pennar, heftiklemmur, bréfapressur, pappírsgathögg, pennastokkar, pennastativ, blýantshaldarar, teiknibólur, pennabakkar, bókapressur, blekbyttur, stimplar og stimpilpúðar, reglustikur, þerripappírshaldarar, blýantsyddarar, signet o. þ. h. ritfangavörur úr ódýrum málmum. |
| | 22 | Glugga- og dyratjaldastengur með tilheyrandi krækjum. |
| | 24 | Flöskuhettur, ót. a., einnig þótt í þeim sé korkur að nokkru leyti. |
| 72 | 2 | Saumavélar og hlutar til þeirra. |
| | 23 | Ritvélar og hlutar til þeirra. |
| | 63 | Rjómaísgerðarvélar. |
| 73 | 13—16 | Rafmagnskerti, flautur, ljósker, háspennukefli, ræsar, straumgreinar, hleðsluhemlar, stefnuljós og annar rafmagnsbúnaðar í bifreiðar. |
| | 65—66 | Reiðhjólaluktir og dynamóar. |
| | 67 | Vasaljós. |
| | 69 | Rafmagnshandþurrkur og -hárþurrkur. |
| | 70 | Rafmagnshárklippur. |
| | 71 | Rafmagnshárliðunartæki og hlutar til þeirra. |
| | 72 | Önnur rafmagnssnyrtitæki. |
| 75 | 6 | Vélar í bifreiðar og hlutar til þeirra, svo og aðrir bifreiðahlutar, ót. a. |
| | 10—11 | Bifhjólakörfur og aðrir bifhjólahlutar, ót. a. |
| | 18 | Barnavagnar og hlutar til þeirra. |
| 84 | 1 | Tennis-, hockey- og golfknettir og önnur tæki til þeirra leikja, |

Tollskrá:

| Kafli. | Nr. | |
|---|---|---|
| | | ót. a., fótknettir og „krokket“ og önnur þess háttar útiíþróttatæki með tilheyrandi kúlum, spöðum og sleggjum. |
| | 2 | Gúmmíboltar. |
| | 6 | Jólatrésskraut alls konar. |
| | 8 | Önglar með flugu eða öðru tilbúnu agni til lax- og silungsveiða. |
| | 10 | Öngultaumar, línur, girni og línuhjól til lax- og silungsveiða. |
| | 11 | Fiskistengur og lausir liðir í þær. |
| 85 | 1 | Hnappar til fata, ót. a., þar með taldir ermahnappar og flibbahnappar, úr öðru en góðmálmum. |
| | 2 | Sjálfblekungar, skrúfblýantar og pennastengur úr öðru en góðmálmum. |
| | 3 | Reykjarpípur, pípuhausar, pípuhreinsarar alls konar, munnstykki og aðrir pípuhlutar, vindla- og vindlingamunnstykki og kveikjarar nema úr góðmálum. |
| | 5 | Hárgreiður og höfuðkambar alls konar. |

### 3. flokkur.

Af búsáhöldum (a), smíðatólum og verkfærum (b) og öðrum eftirgreindum vörum (c) skal greiða 22% innflutningsgjald, sem með 10% áætlaðri álagningu verður 24.2%:

Tollskrá:

| Kafli. | Nr. | |
|---|---|---|
| | | a. |
| 40 | 58 | Búsáhöld úr trjáviði. |
| 44 | 44 | — — pappa og pappír. |
| 58 | 29 | — — steini, ót. a. |
| 59 | 9 & 12 | — — postulíni og leir, ót. a. |
| 60 | 20 & 21 | Hitaflöskur og búsáhöld úr gleri, ót. a. |
| 63 | 83 | Búsáhöld úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum, ót. a. |
| 64 | 23 | — — kopar eða koparlegeringum, ót. a. |
| 65 | 5 | — — nikkli eða nikkellegeringum, ót. a. |
| 66 | 9 | — — alúmíníum eða alúmíníumlegeringum, ót. a. |
| 67 | 7 | — — blýi eða blýlegeringum. |
| 68 | 6 | — — zinki eða zinklegeringum, ót. a. |
| 69 | 6 | — — tini eða tinlegeringum, ót. a. |
| 70 | 3 | — — öðrum ódýrum málmum. |
| 71 | 2 & 2a | Borðhnífar, gafflar og skeiðar úr ódýrum málmum, einnig með góðmálmshúð. |
| | 7 | Dósahnífar, tappatogarar, flöskulyklar og hnetubrjótar. |
| 72 | 6 & 7 | Kjötkvarnir og kaffikvarnir, aðrar en rafmagns, sem teljast til 1. flokks. |
| | | b. |
| 40 | 33 | Sköft og handföng úr trjáviði. |
| | 35 | Smíðatól og handverkfæri úr trjáviði, ót. a. |
| 58 | 9—13 | Brýni, hverfisteinar, smergilhjól, smergilsteinn, vikursteinn, karborundumsteinn og aðrir steinar til slípunar, fágunar og brýnslu. |
| 63 | 67 | Spaðar, skóflur, járnkarlar, hakar, hrífur og kvíslar. |

72 Tollskrá:
30. maí

| Kafli. | Nr. | |
|---|---|---|
| | 71—80 | Smíðatól og önnur þvílík handverkfæri úr járni, stáli og öðrum járnlegeringum, einnig rafmagnsknúið. |
| 64 | 21 & 22 | Lóðhamrar, smíðatól og önnur þvílík handverkfæri úr kopar og koparlegeringum, einnig rafmagnsknúið. |
| 66 | 11 | Smíðatól og önnur þvílík handverkfæri úr alúmíníum og alúmíníumlegeringum, einnig rafmagnsknúið. |
| 71 | 6 | Bókbandshnífar, skósmíðahnífar og aðrir hnífar en þeir, sem teljast til nr. 1—5 í 71. kafla. |

c.

| | | |
|---|---|---|
| 7 | 3 | Laukur. |
| 17 | 8 | Þrúgusykur (glykose), fastur eða fljótandi. |
| 29 | 3 | Ljósmyndafilmur óframkallaðar. |
| | 8 | Ljósmyndapappír. |
| 32 | 3 | Handsápa og raksápa. |
| 37 | 3 | Hanzkar og vettlingar úr leðri. |
| | 4 | Belti úr leðri. |
| | 7 | Hattöskjur, hnakktöskur, ferðakoffort og aðrar ferðatöskur úr leðri. |
| | 8 | Alls konar veski, buddur, hylki og töskur úr leðri, ót. a. |
| | 9 | Skrifmöppur og bókabindi úr leðri, ót. a. |
| | 10 | Bakpokar og fatapokar úr leðri. |
| 39A | 11b | Flöskur úr plasti. |
| 40 | 34 | Parketplötur úr korki (gólfkork). |
| | 41 | Rammalistar úr trjáviði og aðrir listar og stengur úr trjáviði til umgerðar o. þ. h., ót. a. |
| | 45 | Reglustikur, pennastokkar, pennabakkar og aðrar þ. h. ritfangavörur úr trjáviði. |
| 41 | 3 | Korktappar. |
| 44 | 1 | Bylgjupappi og bylgjupappír. |
| | 3 | Veggpappi. |
| | 4 | Gólfpappi. |
| | 5 | Pergamentpappi og pergamentpappír, ót. a . |
| | 6 | Pappi, ót. a., yfirdreginn með litum, lakki, bronsi og þvílíkum efnum eða lagður lit- eða skrautpappír. |
| | 8 & 8a | Bókbandspappi. |
| | 10 & 10a | Venjulegur umbúðapappír, áprentaður eða óáprentaður, og annar þ. h. pappír. |
| | 12 | Teiknipappír, óheftur. |
| | 13 | Þerripappír. |
| | 14 | Skrifpappír, prentpappír, ót. a., og kópíupappír. |
| | 15 | Pappír lagður þræði eða vef eða borinn vaxi. |
| | 18 | Salernispappír. |
| | 20 | Stensilpappír og kalkerpappír. |
| | 21 | Skrautpappír. |
| | 21a | Marmarapappír. |
| | 22 | Annar pappír, ót. a. |
| | 24 | Rúllur á reiknivélar, ritsíma o. þ. h. |
| | 26 & 27 | Umslög, ót. a. |
| | 28 & 29 | Pappírspokar, ót. a. |

Tollskrá:

| Kafli. | Nr. | |
|---|---|---|
| | 30 | Pentudúkar (serviettur), borðdreglar, borðdúkar, vasaklútar, hilluborðar og aðrir laufaborðar úr pappír og pappa. |
| | 31 | Öskjur og möppur úr pappír og pappa með bréfsefnum og umslögum óáprentuðum. |
| | 32, 34 | Pappakassar til umbúða, aðrir en umbúðir með áletrun, sem ber það með sér, að þær séu áætlaðar utan um íslenzkar afurðir. |
| | 35 | Pappabakkar til umbúða, svo og kökuskífur. |
| | 36 | Frímerkjapappír, límborinn, svo og flugnaveiðarar. |
| | 37 | Lampa- og ljósaskermar úr pappa og pappír, einnig í sambandi við önnur efni. |
| | 38 | Myndaalbúm, frímerkjaalbúm, albúm fyrir grammófónplötur og önnur þvílík albúm úr pappa og pappír. |
| | 39 | Bréfa- og skjalabindi, bókabindi, alls konar bréfamöppur, einnig þótt í þær sé prentað registur, skrifmöppur, svo og bréfaklemmur úr pappa eða pappír. |
| | 40 | Skrifpappír, teiknipappír og annar þess konar pappír, heftur en óáprentaður. |
| | 41 | Skrifbækur alls konar, stílabækur, forskriftarbækur, vasabækur og aðrar þess konar bækur, óáprentaðar, heftar eða bundnar. |
| | 42 | Ferðatöskur, ferðakistur, fiðlukassar og aðrir hljóðfærakassar, hattaöskjur, kventöskur, seðlaveski, skjalamöppur og skólatöskur, skotfæratöskur og önnur þvílík veski, töskur og hylki, ót. a., úr pappa og pappír einnig í sambandi við önnur efni. |
| | 43 | Vindla- og vindlingaveski úr pappa og pappír, nálhús, tóbaksdósir, tannburstahylki og gleraugnahylki. |
| 45 | 14 | Bréfspjöld með myndum, hamingjuóskaspjöld, einnig án mynda, nafnspjöld, matseðlaspjöld og þvílík spjöld áletruð, ót. a. |
| | 16 | Flöskumiðar, miðar á skrifbækur og aðrir þess konar miðar, áletraðir, einnig þótt þeir séu límbornir, svo og merkimiðar, áletraðir. |
| | 18 | Spil. |
| | 20 | Veggalmanök og önnur dagatöl og spjöld til þeirra. |
| | 21 | Áprentuð bréfsefni og eyðublöð alls konar, ót. a., ávísanabækur, kvittanahefti og þess konar, tvíritunarbækur og annar pappír áprentaður, ót. a. |
| | 22 | Verzlunarbækur, áprentaðar, ót. a. |
| 46A | 11 | Silkivefnaður, ót. a., þó ekki korsettbrokade og korsettsatin og annar lífstykkjavefnaður. |
| 46B | 12 | Fóðurefni ofin úr gerviefnum. |
| 47 | 13 | Vefnaður, ót. a., úr ull eða öðru dýrahári. |
| 51 | 3 | Ytri fatnaður prjónaður úr silki. |
| | 9 | — — — — gerviþráðum. |
| | 15 | — — — — ull eða öðrum dýrahárum. |
| | 21 | — — — — úr baðmull. |
| | 27 | — — — — hör eða öðrum jurtaefnum en baðmull eða gerviefnum úr jurtaríkinu. |
| 52 | 2 | Regnkápur úr baðmull, hör, hampi eða öðrum jurtaefnum en gerviefnum, yfirdregnar með fernis, kátsjúk o. þ. h. |
| | 5 | Ytri fatnaður úr silki fyrir drengi og karlmenn og jakkar og úlpur fyrir telpur og konur. |

72 30. maí

| Kafli. | Nr. | Tollskrá: |
|---|---|---|
| | 7 | Ytri fatnaður úr gerviefnum fyrir drengi og karlmenn og jakkar og úlpur fyrir telpur og konur. |
| | 9 | Ytri fatnaður úr ull eða öðru dýrahári fyrir drengi og karlmenn og jakkar og úlpur fyrir telpur og konur. |
| | 11 | Ytri fatnaður úr baðmull fyrir drengi og karlmenn og jakkar og úlpur fyrir telpur og konur. |
| | 13 | Ytri fatnaður úr hör eða öðrum jurtaspunaefnum en baðmull eða gerviefnum úr jurtaríkinu fyrir drengi og karlmenn og jakkar og úlpur fyrir telpur og konur. |
| | 38 | Bréfaveski, skrifmöppur, bréfamöppur, bréfabindi, skjalatöskur, kventöskur og þvílík veski, möppur og skrín úr vefnaði eða yfirdregnum vefnaði. |
| | 39 | Bakpokar, fatapokar, vaðsekkir, ferðatöskur, kistur, hattöskjur, hylki utan um hljóðfæri, skotfæri, skotvopn, fiskistengur o. þ. h. vörur úr vefnaði eða yfirdregnum vefnaði. |
| 59 | 5 | Vegg- og gólfflögur úr leir. |
| | 7 | Baðker, þvottaskálar, vaskar, salerni og þvagskálar o. þ. h. munir og og hlutar til þeirra úr leir. |
| 60 | 9—10 | Speglar úr gleri, einnig í góðmálmsumgjörðum. |
| | 13 | Vegg- og gólfflögur úr gleri. |
| | 18 | Niðursuðuglös. |
| | 19 | Aðrar flöskur og glös en mjólkurflöskur. |
| 63 | 37,40 | Naglar og stifti úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum, þó ekki hóffjaðrir. |
| | 81—82 | Hjólaskautar og aðrir skautar úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum. |
| | 88 | Baðker, salerni og tilheyrandi vatnskassar (cistern), þvagskálar, þvottaskálar, eldhúsvaskar og hlutar til þeirra úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum. |
| 68 | 7 | Baðker, salerni og tilheyrandi vatnskassar (cistern), þvagskálar, þvottaskálar, eldhúsvaskar og hlutar til þeirra úr zinki eða zinklegeringum. |
| 71 | 26 | Myndarammar og aðrar þvílíkar umgjörðir úr ódýrum málmum. |
| 77 | 1—2 | Optisk gler. |
| | 3 | Sjónaukar, alls konar. |
| | 4 | Smásjár og smásjárhlutar. |
| | 5—6 | Gleraugnaumgerðir. |
| | 7—8 | Gleraugu. |
| | 9 | Ljósmyndavélar og hlutar til þeirra, ót. a. |
| | 10—11 | Kvikmyndatökuvélar, sýningarvélar, skuggamyndavélar og hlutar til þeirra. |
| | 13 | Teiknigerðir (bestik), reikningsstokkar o. þ. h. reiknitæki, sem ekki geta talizt vélar. |
| | 26—27 | Málbönd, mælistokkar og kvarðar. |
| 79 | 1—16 | Hljóðfæri, hljóðritunartæki og hlutar til þeirra. |

Framangreint innflutningsgjald skal greiða af öllum vörum, sem tollafgreiddar eru frá og með 30. maí 1958. Heimilt er þó að greiða innflutningsgjald eftir eldri reglum, þegar svo stendur á, sem segir í 1. tölulið 2. málsgr. 19. gr. tollskrárlaga, enda sé vara tollfagreidd og aðflutningsgjöld greidd fyrir 6. júní 1958.

72
30. maí

### III. Verðtollur.

Samkvæmt hinum nýju lögum nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., skal yfirfærslugjald talið með í gjaldstofni þeim, sem verðtollur er reiknaður af, og er það breyting frá því, sem áður gilti. Það er hið nýja yfirfærslugjald, 30% eða 55%, sem skal tekið með í gjaldstofninum.

Nú koma til tollafgreiðslu vörur, sem greiddar hafa verið fyrir gildistöku hinna nýju laga um útflutningssjóð o. fl., og skal þá engu að síður telja hið nýja yfirfærslugjald með við ákvörðun verðtolls.

Yfirfærslugjaldið, sem telja ber með tollverði vöru við ákvörðun verðtolls, skal miða við verð eða verðmæti vara kominna um borð í farartæki, sem flytur þær til Íslands.

### IV. Söluskattur af innfluttum vörum.

Yfirfærslugjald samkvæmt hinum nýju lögum um útflutningssjóð o. fl. skal jafnan talið með í gjaldstofni þeim, sem söluskattur af innfluttum vörum er miðaður við.

Nú koma til tollafgreiðslu vörur, sem greiddar hafa verið fyrir gildistöku hinna nýju laga um útflutningssjóð o. fl., og skal þá engu að síður telja hið nýja yfirfærslugjald með við ákvörðun söluskatts af innfluttum vörum.

Yfirfærslugjaldið, sem telja ber með tollverði vöru við ákvörðun söluskatts af innfluttum vörum, skal miða við verð eða verðmæti vara kominna um borð í farartæki, sem flytur þær til Íslands.

### V. Benzíngjald.

Til viðbótar 31 eyris benzínsgjaldi samkvæmt lögum nr. 68/1949 og 20 aura benzíngjaldi samkvæmt lögum nr. 92/1957 skal frá gildistöku hinna nýju laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., innheimta benzíngjald, sem nemur 62 aurum af hverjum lítra. Þar af skulu 6 aurar renna í brúarsjóð, 6 aurar í sérstakan sjóð, sem varið skal til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga, og 50 aurar í útflutningssjóð.

Hækkun þessi tekur til benzínbirgða 30. maí 1958. Undanþegnir hækkuninni skulu þó 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Sömu reglur gilda um endurgreiðslu á 62 aura gjaldinu af benzíni, sem notað er til annars en bifreiða og bifhjóla, og nú gilda um endurgreiðslu á öðru benzíngjaldi.

### VI. Útflutningssjóðsgjald af bifreiðum.

Frá 30. maí 1958 skal Innflutningsskrifstofan innheimta 160% gjald af bifreiðum og bifhjólum í stað 125% sams konar gjalds samkvæmt lögum nr. 86/1956. Undanþegnar gjaldi þessu eru jeppabifreiðar, landroverbifreiðar, unimogbifreiðar og almenningsvagnar, svo og vörubifreiðar, sem eru að burðarmagni 3 tonn og þar yfir.

Þá skulu tollyfirvöld frá 30. maí 1958 innheimta 160% gjald af bifreiðum, sem settar hafa verið saman innanlands og koma til skrásetningar eftir 29. maí 1958, og skal óheimilt að skrásetja þessar bifreiðar fyrr en fyrir liggur kvittun tollyfirvalds um greiðslu gjaldsins. Undanþegnar gjaldi þessu eru sömu bifreiðar, sem undanþegnar eru gjaldinu samkvæmt ákvæðum næstu málsgreinar hér á undan.

72
30. maí

VII. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

Í stað 80% álags samkvæmt lögum nr. 86/1956 skal frá og með 30. maí 1958 innheimta gjald af innlendum tollvörutegundum með 150% álagi og tekur hækkunin því til þeirrar sölu og annarrar afhendingar á tollvörum, sem á sér stað frá og með 30. maí 1958.

VIII. Gjald af ferðagjaldeyri.

Í stað 15% gjalds samkvæmt lögum nr. 86/1956 skal Innflutningsskrifstofan frá og með 30. maí 1958 innheimta 20% af leyfisfjárhæð.

Gjöld á ferðagjaldeyri eru í heild sem hér segir: Fyrrnefnt 20% gjald, auk 1% leyfisgjalds til Innflutningsskrifstofu og 25% gjalds til ríkissjóðs, og loks 55% yfirfærslugjald greitt í banka, alls 101%. Fyrir gildistöku hinna nýju laga um útflutningssjóð o. fl. voru nefnd gjöld í sömu röð eins og hér segir: 15% + 1% + 25% + 16% = 57%.

IX. Önnur gjöld.

1. Eftir hinum nýju lögum um útflutningssjóð o. fl. skal til viðbótar 3% söluskattinum af viðskiptum, sbr. lög nr. 100/1948, lög nr. 112/1950 og lög nr. 82/1957, greiða 6%, eins og var samkvæmt lögum nr. 86/1956. Sjá 40. gr. laga nr. 33/1958.
2. Samkvæmt hinum nýju lögum nr. 33/1958, sbr. 41. gr. þeirra, skal greiða 10% af andvirði farmiða til og frá útlöndum, eins og gera bar samkvæmt lögum nr. 86/1956.
3. Þá skal greiða, sbr. 42. gr. laga nr. 33/1958, 10% af iðgjöldum vátryggingarsamninga, eins og gera bar samkvæmt lögum nr. 86/1956.

73
31. maí

# SAMÞYKKT

## um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Rangárvallasýslu, nr. 43 9. marz 1953.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegir eru þessir:

*Ásahreppur:*

1. *Háfsósbraut,* frá Suðurlandsvegi hjá Fífilbrekku við Kolavatn að Steinslæk.
2. *Ásmundarstaðavegur,* af Suðurlandsvegi við Selsand að Ásmundarstöðum.
3. *Sumarliðabæjarvegur,* af Suðurlandsvegi við Sandskörð um malargryfjur við Háagerði að Sumarliðabæ.
4. *Hellnatúnsvegur,* af Ásvegi að Hellnatúni.

*Holtahreppur:*

5. *Fosshólavegur,* frá Landvegi um Þjóðólfshaga að Fosshólum.
6. *Laugalandsvegur,* frá Landvegi um Laugaland að Nefsholti.
7. *Marteinstunguvegur,* frá Landvegi um Marteinstungu að Götu.
8. *Ölvesholtsvegur,* frá Landvegi hjá Köldukinn að Ölvesholti.
9. *Kaldárholtsvegur,* frá Hagabraut hjá Saurbæ að Kaldárholti.